

Skólabókasafn

Starfsmaður: Már Einarsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur

Markmið:

- að kenna nemendum að nota bókasöfn
- örva lestur
- tryggja auðveldan aðgang að safnkosti
- að nemendur geti fundið, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt

Bókasafnið er staðsett miðsvæðis á 1. hæð í skólanum og er um 100 fm að stærð. Vinnuaðstaða er fyrir 14.

Safngögn: bókasafnið á rúmlega 12.000 bækur og einnig nokkurt úrval af hljóðbókum, mynddiskum og myndböndum. Safnkosturinn er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni – www.gegnir.is

Tölvukostur: bókasafnið er með eina fasta nettengda tölvu, en hefur einnig aðgang að 22 fartölvum.

Bókasafnið veitir alla almenna þjónustu, s.s. útlán, upplýsingaþjónustu, aðstoð við heimildaleit o.fl.

Skólabókasafnið er opið mánudaga til föstudaga **kl. 8.00 – 15.00.**

Útlán:

Allir nemendur og starfsmenn skólans geta fengið lánaðar bækur og gögn af safninu.

Það er hægt að fá flestar bækur bókasafnsins að láni, en ýmsar handbækur eru einungis til notkunar á safninu.

Nemendur mega mest vera með þrjár bækur í láni í einu.

Útlánstími á bókum er 30 dagar. Í flestum tilfellum er þó hægt að fá framlengingu á láni.

Myndbönd, mynddiskar og kennsluleiðbeiningar eru einungis lánuð kennurum Stóru-Vogaskóla.

Hljóðbækur eru lánaðar nemendum sem eiga í lestrarörðugleikum.

Sá sem tekur bók að láni ber ábyrgð á henni. Ef hún týnist eða skemmist verður viðkomandi nemandi eða forráðamaður hans að bæta safninu bókina.

Nokkar reglur:

Tökum tillit til annarra og göngum hljóðlega um safnið.

Förum vel með bækurnar og önnur safngögn.

Við setjum bækurnar aftur á sinn stað í hillu eftir að hafa skoðað og lesið.